

HEIMSKRINGLA

(Stofnun 1908)
Kenna til á hvernig myndir
standast og standa:
THE VIKING PRESS, LTD.
202 og 204 BARGENT AVE. WINNIPEG,
Tel.: 1-2-22

Vorð blátt er 22.00 ársinsins borg-
lar fyrir fram. Allar borgarar sendast
viðmanni blátt.

Ráðsmaður:
BJÖRN PÉTURSSON
Ritstjórn:
BJÖRN PÉTURSSON
STEFAN EINARSSON

Útgáfur til blátt:
THE VIKING PRESS, Ltd., Box 202,
Winnipeg, Man.
Útgáfur til ritstjórn:
EDITOR HEMSKRINGLA, Box 202,
Winnipeg, Man.

The "Hemskringla" is printed and pub-
lished by The Viking Press, Limited, at
202 and 204 Bargent Ave., Winnipeg, Man-
itoba. Telephone: 1-2-22.

WINNIPEG, MANITOBA, 19. APRIL 1922

Sumardagurinn fyrsti.

Sumardagurinn fyrsti er á morgun. Heimskringla býður að gömlum og göðum íslenskum síð GLEÐLEGT SUMAR!

Að íslenskum síð segjum: vor. Þó undarlegt megi heita þá minnst víst fæar eða engar þjóðir komu sumarsins hvorki á sumardaginn fyrsta né endanlega nema Íslendingar. Og þó virðist þetta bæði eðlilegur og göður síður.

Góður síður er það í þeim skilningi að áhrif af honum vekja hluttekningu og kærleika hjá oss til annara manna. Það óskar enginn öðrum gleðlegs sumars án þess að hugur fylgi að einhverju leyti máli. Minning sumarsins ílar og mýkir lundina svo að blómknappar gleði og kærleika gleðast þar á sama hátt og vorhlýindin mýkja greinarnar á trjánum um leið og laufflórinn á þeim springa út. Hvert sem spor sólareislands eru rakin má ávalt finna í þeim líf og gróður. Gleðin og hlýindin eru gróðurinn sem þeir skilja eftir í mannsalinni. En það er eit sem ekki er nægilega veitt eftirtekt, og það er að gleðinni fylgir kærleikur. Og af honum er ekki ómikið til. Það er að minsta kosti enginn hörgull á verkfæri fyrir hann ennþá í heiminum. Ef þetta, að minnst sumarsins, hefir því einhver áhrif í þá átt að vekja hann, þó ekki sé nema að nokkru leyti eða um stundarsakir, þá má það fyllilega telja góðan sig og gagnlegan. Því:

Eitt kærleiksróð, það sólbrós sætt
um svartan skjýja dag,
Ó, hvað það getur blíðkað, bætt
og betrað andans haf.

En svo er hitt atriðið, að það sé eðlilegt að fagna sumrinu.

Og þegar um það efni er að ræða, setur það mann dælitíð hljóðann, að það skuli ekki aðrir minnst komu sumarsins en Íslendingar á sumardaginn fyrsta. Auðvitað fagnar hver einstaklingur sem er meira og minna komu sólarsins og veðurblíðunnar með sumrinu. En það er ekki það, sem hér er átt við, heldur hit, hve undarlegt það er, að Íslendingar einum skuli hafa hugast að minnst sumarsins sem nokkurskonar hátíðar, er það heldur innreið sína. Af hverju stafar það?

Það hafa einhverjir bent á, að Ísland væri svo kalt land og næðingarnir og hvetiðir væru þar svo langær, að það gæfi þjóðinni sem þar býr sérstaklega ástæðu til að fagna sól og sumri. Eithvað getur verið hæft í þessu. En samt eru önnur lönd kaldari en Ísland og ættu þá þjóðir þær er þau byggja, eigi síður en Íslendingar að fagna komu sumarsins. En það gera þær ekki.

Þessi næmleiki Íslendinga fyrir breytingu árstíðanna, hlýtur því að vera kominn undir einhverju er í eðli þjóðarinnar býr, eigi síður en ytri staðháttum. — Kuldarnir valda ef til vill nokkru um þetta, en ekki öllu; og Íslendingar hafa strítt á móti þeim æði ótrauðir.

Eitt dettur oss í hug og vitum vér þó ekki hvort að það skýrir þetta efni fullkomlega. Þegar skáldið lýsir hugarástandi sínu, notar það náttúrufræði einhverja, fass eða fjall, hól eða hlíð til samlikningar. Það er ekki um listaverk hjá skáldinu að ræða fyr en samræmi er fengið milli þessa hvorutveggja. Náttúran er svo öfin inn í skáldlífið, að þar verður að eiga sér stað fullkomni samræmi. Skáldin vita þetta manna bezt og því eru þeir vanalega hrifnari af þessum ytri táknum hugmyndanna, náttúrunni, en aðrir. Og hve

vel þeim lætur að kveða þegar strengir þessir hafa verið stíltir saman, lýsir Stefn-G. í upphafi að þjóðminningarfundagskveði um Ameríku; þar segir:

Að minnst þín, fötsra, í ljóði er létt
A ljómandi sumri við hlésælan skóginn,
Er hugrenning hver verður hlýleg og slétt
og hruklaus, rétt eins og sléttan þín gróin.
Því þá er sem hjúfrist um hug og um völl
Hver heiddjartur geisli frá sólrikum dögum
Og þá verður fortíð og framtíðin öll
Að fallegur kvæðum og hljómpýðum
lögum.

Hlészla skógarins og algröin sléttan,
snerta kend í huga skáldsins svo að því
verður léttara að yrkja fyrir það. Skáldin eru öllum öðrum fremur náttúrubörn.

Það er ef til vill getgáta, að Íslendingar séu öðrum þjóðum fremur hrifnari af komu sumarsins af hinu sama. En þó mætti ætla, að minning sumardagsins fyrsta ætti einhverja röt að rekja til þess. Það væri ekkert óeðlilegt að hin öbrotnu æfikir þeirra hafi gert Íslendinga að einhverju ólíka öðrum þjóðum, hafi gert þá dælitíð "listagarni" og næmari fyrir röddum náttúrunnar, en lífshættir stórbjódanna hafa gert þegna sína, þar sem stórborgar hávaði og véla menningar-skrolið syngur stöðugt í eyra í stað radda fossins og klíðs fuglanna. Lífshættirinn heima eru aðrir en víðast annarsstaðar enda er landið flestum löndum ólíkt. Sauðfjágræktin er þar ein aðal atvinnugreinin og fénadurinn dreyfir sér um haga, sem að útliti, til og fegurð þættu hér hentari fyrir náttúru listgarða en nokkuð annað. Þar skiftast á eitt það fegursta útsýni sem hugast getur, jökullarnir og háfjöllin berandi við skýin, lyngirónar hlíðar, silfurtearar ár, grænar grundir, engi og tún, sjórinna dímbljar freyðandi við ströndina og norðurhlíðir bragandi himininn. Alt þetta ber fyrir augað í einu nálega hvar sem er á landinu. Að líta af tindunum yfir þetta landlag er svipaðast því og að horfa á málverk, nema að því leyti að þar er alt lífandi, en ekki hangandi á þili. Ef lífið þar getur ekki heitið að vera við brjóst svipmikillar náttúru, þá getur það ekki fremur annarsstaðar kallast því nafni. Þessar myndir hljóta að blandast inn í hugrenningar manna og drauma, enda getur þá um, ekkert fegurra dreymt. Samræmið milli hins andlega lífs og náttúru landsins sem allra landa er fegurst, er heilsteyp og óbrostið.

Það er ekki vegna kuldans og kalkans og vetrarrikisins heima, að Íslendingar fagna komu sumarsins. Það er náttúrufræði landsins, sem því veldur. Áhrif hennar hafa orðið til þess að vekja samúð í anda þeirra með sjálfri náttúrunni.

"En eru þá allir Íslendingar skáld?" má búast við að einhverjir spyrji. Já — í þeirri merkingu sem á hefir verið bent, eru þeir það. En ekki nauðsynlega ljóðskáld. Það eru til skáld sem ekki yrkja, sem eru ef til vill ljóð-skáldunum ekki síðri.

Sumardagurinn fyrsti er á morgun. Ósk vor er sú, að allir megi verða fagnaðarins af komu sumarsins með ljós, líf og gróður, aðnjótandi. Að hann tendri þann kærleiksyl í sálum hinna efnalega velstöðu, að æfikir hinna mörgu sem þannig er áttast fyrir, að hin sanna mynd sumarsins getur ekki endurspeglast í sálum þeirra, verði bætt svo, að þeir einnig njóti hennar. Þá fyrst hefir það sína fullu merkingu að óska hver öðrum gleðlegs sumars.

Bókafregn.

Íslands Kirke fra Reformationen til vore Dage. Dr. Theol. Jón Helgason. Dansk-íslandsk Kirkesag. G. E. C. Gads Forlag. Khavn 1922. 8vo, p.p. 252. Kr. 6.00.

Bók þessi er ný-útkomin, kostuð af Dansk-Íslenska kirkjusambandinu í Danmörku. Skrifari forstöðumyndar sambandsins, herra Þórður Tómasson, prestur að Hrossanesi á Jótlandi, hefir sent Heimskringlu eintak bókunnar og enn fremur eintak af ársfjórðungsriti félagsins.

Ritið er í smáu átta blaða broti og kemur út þriggja mánaðalega, 16—24 bls. í senn. Flytur stuttar ritgerðir um íslensk kirkjumál og mun aðallega ætlað Dönum, til að kynna þeim menn og málefni kirkjunnar á Íslandi. Ritið er skrifað frá sjónarmiði hinna gömlu guðfræði. Að því standa eingöngu Íslendingar, eftir því sem séð verður. Er ritstjórn þess fróken Ingibjörg Ólafsdóttir og séra Þórður Tómasson, en ráðsmaður séra Haukur Gíslason, prestur við Holmens kirkju í Khöfn. Í þessum fyrsta árgangi er: Fréttir frá ársfundi Sambandsins í Kaupmannahöfn; fréttir frá samskonar fundi, er haldinn var á Synodus í Reykjavík, þar sem nefnd var kosin til samvinnu við sambandsnefndina dönsku,

og fylgja þeirri fundarskýrslu myndir og æfagrip nefndarmanna íslensku.

Inngangsritgerðin í tímaritinu er eftir Þórð prest Tómasson og heitir "Bæn fyrir Ísland". Mælt hann með því, að tekin sé upp í hina almennu kirkjubæn, í kirkjum í Danmörku, bæn fyrir Íslandi. Segir hann að máli þessu hafi verið hreyft á ársfundi sambandsnefndarinnar 1919, með fyrirsögn, er gerð hafi verið, hvort eigi væri tímabært, "að tekin væri upp í hina almennu kirkjubæn vora, bæn fyrir Sambandslandi vora, Íslandi". Telur hann það tímabært og sjálfsagt. Alitur hann að það geti leitt til þess, að hugur danskra þjóðar verði einlegari og hlýri til Íslendinga, og leystur undan fordómum yngri og eldri, er mjög hafa vilt mönnum sjónir á liðinni tíð, og skapað úlfúð og óvild þeirra á millum. Alitur hann, ef uppástunga þessi næði fram að ganga, að þjóðirnar myndu nálgast hvor aðra í anda betur en verið hefði á liðinni tíð. Er tillaga þessi eigi fráleit og mætti gjarna heimferast til allra Norðurlandabjódanna. Þær ættu að bjóða hver fyrir annari, styrkja hverjar aðra, styðja að framför herrar annar ar og minnst þess, bæði ljóst og leyn, að þær eru eitt fólk, — örlogin ein, ættin hin sama og ákvæði lífs þeirra hin sömu. En hvort Danir fallast á þessa uppástungu, er ef til vill annað mál. Séra Þórður getur þess, að til séu þær kirkjur í Danmörku, þar sem þetta hafi verið gert. Er sú gáta auðráðin, hverjar eru, — kirkjurnar, sem þeir þjóna við íslensku prestarnir. — Fer vel á því, og verður það jafnan þeim burtu fönu sonum Íslands til sæmdar. Mætti svo víðar vera en í Danmörku.

Ritið kostar 2 kr. á ári og er þá meðalíð ársjalditil Sambandsins. Eftir því má senda til séra Hauks Gíslasonar eða Gads bókaútgefanda í Khöfn.

Um bók Dr. Jóns biskups Helgasonar, "Íslands Kirke", mætti margt segja, ef sögufróður legði þar dóm á. Í formála bókunnar er frá því skýrt, að þetta sé hin fyrsta saga ríkiskirkjunnar íslensku, er rituð hafi verið, yfir tímabilið frá upphafi siðabótarinnar til þessara tíma. Getið er hins mikla verks þeirra biskupanna, Dr. Finns Jónssonar og Dr. Péturs Ecclesiastica Islandiae, er nær ofan að árinu 1840, og bent á, með því að saga þessi er rituð á Latínu, komi hún eigi meginþorra manna að notum, og mun það satt vera. Svo nær hún heldur eigi niður til þessara tíma. Þótt undarlegt megi virðast, hefir saga þjóðarinnar eigi verið sögð enn nema í smáþáttum, og kirkjusagan eigi nema í einstökum köflum. "Safn til sögu Íslands" og sögur Jóns sagnfræðings Jónssonar mynda eigi samfellda sögu, þó um ótal margt megi af þeim fræðast. Sama má segja um "Biskupasögur". Bókmenta- og Sögufélagsins, að þær eru eigi heildarsaga, heldur saga einstakra manna, gagnlegar og fróðlegar, það sem þær ná, og lýsa vel lífnaðar- og aldarhætti á þeim tímum, sem þessir menn eru uppi.

Þessi saga Jóns biskups Helgasonar, er að því leyti fremri biskupasögunum, að hún er dregin saman úr þeim í samanhangið frá sögu, og bætir höfundurinn við frá eigin brjósti all-greinslegu yfirliti um það, sem gerst hefir nú síðast. En fremur er þessi saga hans biskupatal en kirkjusaga. Frá helztu viðburðum hið ytra er skýrt, en um hinar andlegu breytingar innan kirkjunnar er lítið sem ekkert sagt. Erfitt verður með til-hjálp þessara sögu einnar að gera sér nokkra hugmynd um hið andlega ástand kirkjunnar á einum eða öðrum tíma. Í söguna vantar trúarbragðasögu þjóðarinnar algerlega, er þó óneitanlega ætti heima í þesskonar frásögu og naumast hægt að nefna það kirkjusögu, er eigi gerir grein fyrir slíku. Alt svo nauðsynlegt sem það er, að telja upp biskupa landsins í réttir röð, gera grein fyrir ætt þeirra, upplæddi og dánardægi, er þó hitt nauðsynlegra að sýna þessa og framför trúarskilningsins og meðvitundarinnar hjá þjóðinni sjálfri á þessu tímabili. Það er kirkjan í réttum skilningi, en alls ekki mennirnir, er embætti hennar skipa.

Með hvaða hætti umskapast hin óþjódlega kaþólska-kristni, á rúmum hundráð árum, í hin djúpsöku og þjóðlegu ljóð og sálma Hallgríms Péturssonar? Að hve miklu leyti eru sálmar Hallgríms söttir til andastefnu siðabótarinnar, að hve miklu leyti til vitsmunainnættis þjóðarinnar sjálfar? Frá þessu skýrir höf. ekki.

Hefir hin mikla sögulega vakning meðal þjóðarinnar á 17. öldinni og fornfræðarannsókn engin áhrif í þá átt, að losa þjóðina við hleyptidoma kaþólskunnar og jafnvel breyta álti hennar á sumum þeim erfdæmningum, er hin valdböðna Lútherstrú hélt hlífðarhendi yfir? Ekkert er um það sagt.

Hvaða áhrif hafði "rationalista"-stefna 18. aldarinnar á siðari trúarskoðanir manna? Hvernig breyttist guðfræði Víðalís og guðfræði Péturs biskups? Frá þessu er ekki skýrt.

Einkennileg er frásagan af starfi Magnúsar Eiríkssonar (bls. 189), að kenningar hans hafi verið litina ávöxt nema helzt í þingeyjarstýslu. Þar vöktu þessar raddir bergmál í stöku hjörtum, er með fögnuði tóku á móti þessum nýmælum sem nýju fagnaðareriði. En svo hafa iðbúar þessarar sýslu, upp til þessa, haft orð fyrir að vera óbundnari í skoðunum, einkum í trúarefnum, en maður á að venjast í öðrum sveitum landsins, er sýnir sig í því, að frá þessum hluta landsins hefir oft andað köldu í garð kirkju og kristindóms!

Litlu mun nokkur verða nær um hina kirkjulegu starfsemi, eða trúarskoðanir Íslendinga vestan hafs fyrir frásöguna á bls. 200. En svo hefir höfundurinn hvarvetna orðið að fara fljótt yfir sögu, og því eigi von að þessi kaflí sé lengri.

Í bókinni eru myndir af þessum biskupum landsins: Guðbrandi Þorlákssyni, Þorláki Skúlasyni, Brynjólfi Sveinssyni, Gísla Þorlákssyni, Þórði Þorlákssyni, Jóni Víðalín, Steini Jónssyni, Ludvig Harboe, Halldóri Brynjólfssyni, Finni Jónssyni, Gísla Magnússyni, Hannesi Finnssyni, Geir Víðalín, Arna Þórarinssyni, Steingrími Jónssyni, Helga G. Thordersen, Pétri Péturssyni. Þá fylgja og frásögunni skýringar á nöfnum og staðheimum upp á 37 bls., og að lokum skýr og greinslegur upplýttur af Íslandi.

Bókin er skemtileg aflestrar og vel sex króna virði.

R. P.

Íslandsfréttir.


(Eftir Vísir frá 15. feb. til 18. marz.)

Þórarinn Tulinius framkvæmdarstjóri stofnabí á síðastliðnu sumri sjóð, að upphæð 10.000 kr., og er tilgangur hans að styrkja gamla, fátæka sjómenn, og ganga þeir fyrir styrkveitningum, er sýnt hafa sérstakt hugtekið eða "dugnað", að svo sem við björgun manns úr lífshásku. Til úthlutunar úr sjóðnum á þessu ári koma 275 kr. Umsóknir um að verða teknir til greina við úthlutun styrks úr sjóðnum, skal senda atvinnumálaráðaneytinu fyrir 1. apríl næstkomandi.

Spánarsamningarnir. Stjórnin mun nú, í samráði við þingið, hafa afdráðið að senda þá Svein Björnsson sendiherra og Einar H. Kvaran til Spánar til þess, ásamt danska sendiherranum, að halda áfram samningaleitunum við spænsku stjórnina um saltfiskskattinn.

Spa'naðarnefndin. Frá sparnaðarnefnd sameinaðs Alþingis hafa komið tvö frumvörp um niðurskurð embætti, sem bæði voru við fyrstu umræðu í neðri deild. Eru það kennaraembætti þeirra Bjarna frá Vogu og Guðm. Finn-bogasonar við Háskólann, sem nefndin vill leggja niður. Sparnaður verður þó ekki verulegur að þessu. Embætti Guðmundar má að visu leggja niður, en fullum embættislaunum hlýtur hann að halda eftir sem áður, því að embættið er þannig stofnað, Bjarna mun meiri hluti nefndarinnar vilja greiða skaðbætur nokkrar á fjárlögum. Er af þessu auðséð, að sparnaðarviðleitni þessi er aðeins "til að sýnast" fyrir kjósendum. — Báðum frv. var þó vísað til annarar umræðu í neðri deild, því fyrstalda með 16 atkv. gegn 8 og hinu með 15 atkv. gegn 8, að viðhöfðu nafnakalli.

Vinnuveitendur hafa fengið tilkynningu um að senda skattstofnunni skrá yfir alla starfsmenn sína, sem hafa verið hjá þeim fastir, eða mikil part úr árinu sem leið. Eiga þar með að fylgja laun og hlunndi starfsmanna og bústaðir þeirra. — Er skýr þessi fyrirskipuð n.ð. lögum og skattastofnunni afdráðandi.



Dodd's nýrnapipillur eru besta nýrnemeðalið. Lækna og gigt, bakverk, hjartabólum, þvægteppu, og önnur veikindi, sem stafa frá nýrnunum. — Dodd's Kidney Pills kosta 50c áskjan eða 6 úskjur fyrir \$2.50, og fást hjá öllum lyfshöndum eða frá The Dodd's Medicine Co., Ltd., Toronto, Ont.

Ólafur Hafliðason frá Svefn-ejrum andaðist á Landakósspítalunum nýlega.

Vélbáturinn Asa úr Hafnarfirði ferst með allri áhöfn.

Í fyrta mánuði varð sá sorglegi atburður, að vélbáturinn Asa úr Hafnarfirði fórst á Stafnestöng um milli Sandgerðis og Hafna og ákvaðust allir, sem á voru, en þeir voru þessir sex: Friðrik Benónýsson, skipastjóri; ókvæntur maður á besta aldri, Hákon Dagason, vélamaður, frá Ólafsvík, 44 ára, kvæntur og átti tvö börn. — Páll Kristjánsson, Hafnarfirði, ókvæntur, 19 ára gamall. Guðveinn Jónsson, frá Tröð á Alftanesi, ókvæntur, 30 ára, Davíð Ásmundsson, Hafnarfirði, ókvæntur 23 ára, Valdemar Þórðarson frá Ólafsvík, 21 ára, ókvæntur.

Slys. Síðastliðinn laugardag dó konan Guðbjörg Jónsdóttir, af brunasárum, Hafði kviknað í fótum hennar út frá olueldavél og skaðbrenndist án svo, að hún læzt að fám klukkustundum liðnum. Hún var hagin á efra aldur. Hún átti heima í húsinu nr. 14 B við Grjótágotu.

G. T. Zoega, rektor, er nú að láta prenta aðra útgáfu af hinu íslensk-ensku orðabók sinni, sem lengi hefir verið ófánleg. Þessi nýja útgáfa verður allmikil aukin og í stærra broti en hin fyrri og fleiri arkir. Prentun slíkrar bókar er seinleg og hið mesta vanda-verk og verður ekki lokið fyrir einhverjum tíma í sumar. Félagaprentsmiðjan annast prentunina. Kostnaðarmaður er Sigurður Kristjánsson.

"Arkt" heitir nýtt tímarit, sem kemur á bókamarkaðinn á morgun og á að koma út einu sinni í mánuði fyrst um sinn. Hvert hefti er 16 síður í stóru broti, tvívalknað. Flytur það bæði útlendan og innlendan fróðleik, til gagns og gamans, og verður með myndum. Allur frágangur verður vandaður.

Heiðursfélagi Fiskifélagsins var yfirkennari Bjarni Sæmundsson kjörinn á nýafstöðnu Fiskibingi.

Kristilegt Dagblað skýrir svo frá 17. f. m.:

"Fyrir tilteilli miðstöðvar á fengisandstæðinga í Lausanne í Sviss er þessa dagan afhent Spánarkonungi ávarp þar sem farið er fram á, að Spánn breyti stjórnmálaafstöðu sinni gagnvart Nor-egi og Íslandi.

Ávarp þetta er undirritað af vísindamönnum og stjórnmálamönnum í Svíþjóð, Danmörku, Finnlandi, Þýskalandi, Sviss, Ítalíu, Chekoslovakíu, Serbíu, Hollandi, Belgíu, Frakklandi, Englandi og Ameríku. Ávarpið hefir jafnframt verið sent stærstu frægðskreyttastöðvum og forsetiaráðherra Íslands.

Sigurður Lýðsson, cand. jur., hefir sótt um að verða settur lög-